

## UMSÖGN VIÐ TILLÖGU

**Viðtakandi:** Umhverfis- og skipulagsráð

**Sendandi:** Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

---

### **Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um göngubrú fyrir Vogabyggð (US220155)**

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

*Flokkur fólksins leggur til að strax verði hafist handa við að byggja bráðabirgða göngubrú yfir Sæbraut við gatnamót við Skeiðarvog/Kleppsmýrarveg, sem eru ein hættulegustu gatnamót Reykjavíkur. Vogabyggð er orðin fjölmenn byggð, en þannig er málum hátt að börnin í hverfinu þurfa daglega að fara yfir Sæbrautina til að sækja skóla, frístundir, heilsugæslu, vini og fleira. Íbúar Vogabyggðar gera kröfu um að borgaryfirvöld standi við áform og gefin loforð um göngubrú. Samkvæmt þinglýstu samkomulagi við lóðarhafa frá 2016-17 mátti gera ráð fyrir göngubrú þegar árið 2019. Enn bólar ekkert á þessari brú. Nú fá íbúar þær fréttir að ekki verði af þessari göngubrú vegna þess að það eigi að setja Sæbraut í stokk. Framkvæmdir við stokk eiga ekki að hefjast fyrr en eftir tvö ár og klárast 2027. Samkvæmt áætlun á að koma bráðabirgðagöngubrú árið 2026, sem getur gagnast hverfinu. Krafa íbúa í Vogabyggð er skýr og afdráttarlaus: Göngubrú yfir Sæbraut strax. Krafan kemur líka fram í nýlegri undirskriftasöfnun íbúa. Við viljum hvetja borgarstjórn til að hlusta á íbúa Vogabyggðar og tryggja öryggi íbúa og barna í hverfinu. Það er hægt með því að byggja göngubrú til bráðabirgða strax.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, þann 24. ágúst sl.

Umsögn:

Vegagerðin á og rekur Sæbraut og eru allar breytingar á henni samstarfsverkefni Vegagerðarinnar og borgarinnar. Farið var í athugun á því hvort byggja skyldi göngubrú eða undirgöng fyrir Vogabyggð en erfiðlega gekk að finna lausn sem félli vel að landi. Nú er unnið að undirbúningi þess að setja Sæbraut í stokk og áætlað er að framkvæmdir hefjist árið 2024. Gert er ráð fyrir að lok verði á stokknum sem gerir það að verkum að möguleiki verður á fleiri göngu- og hjólaleiðum þvert yfir Sæbraut án þess að hafa áhrif á umferð eftir Sæbraut. Vegagerðin og Reykjavíkurborg hafa í sameiningu skoðað umfangsminni aðgerðir sem hægt er að fara í til að bæta ástandið fyrir gangandi vegfarendur á gatnamótum Sæbrautar við Kleppsmýrarveg/Skeiðarvog og við Súðarvog áður en til byggingu stokks kemur. Nú þegar



Reykjavíkurborg

hefur verið farið í smávægilegar breytingar líkt og lengingu á tíma fyrir gangandi þegar farið er yfir Sæbraut við Kleppsmýrarveg og einnig hafa verið sett upp viðvörðunarljós um umferð gangandi vegfaranda.

Aðrar aðgerðir hafa ekki enn komið til framkvæmda en vilji er fyrir því að setja upp rauðljósa- og hraðamyndavél til að stuðla að því að ökumenn aki á löglegum hraða og aki ekki yfir á rauðu ljósi sem og að koma upp bráðabirgða göngubrú .

Reykjavíkurborg og Vegagerðin vinna sameiginlega að tillögum að enn frekari aðgerðum til að bæta öryggi óvarinna vegfaranda um umrædd gatnamót og vonast er eftir að framkvæmdir geti orðið fljótlega.

Virðingarfyllt,  
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir  
*starfandi samgöngustjóri*